

Nd.

287. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig;

Til sauðfjárbaðana í landinn má aðeins nota eina tegund baðlyfja, sem löggilt sje til þess af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu með ráði dýratæknis. Skulu gefnar út greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun baðlyfsins.

2.

4. gr. orðist svo:

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sjer um, að búnaur verði til í landinn nægar birgðir af baðlyfi til hinna fyrirskipaðu þrifabaðana og annara sauðfjárbaðana, sem kynni að þurfa að framkvæma. Skal baðlyfjagerðin háð eftirliti sjerfræðings, sem ráðuneytið kveður til þess. Þó skal ráðuneytinu heimilt að leyfa innflutning á samskonar baðlyfi þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, enda sje það baðlyf alt nákvæmlega rannsakað, eftir nánari ákvæðnum, sem ráðuneytið setur um það, og má eigi selja það innanlands nema það fulluægi þeim ákvæðnum, sem sett hafa verið um hið löggilta baðlyf. Kostnað allan við eftirlit með

baðlyfjagerð innanlands greiði framleiðandi baðlyfsins, en kostnað þann, sem leiðir af rannsókn innflutts baðlyfs, greiði innflytjandi.

3. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni atvinnumálaráðherra, og er það samið af honum, ásamt svo látandi ástæðum:

Með þingsályktun, dags. 28. apríl 1923, skoraði Alþingi á stjórnina að halda áfram rannsóknum á innlendri baðlyfjagerð og að henni lokinni að leggja fyrir Alþingi það, sem nú stendur yfir, frnmvarp til laga um framkvæmd á henni og útrýmingarböðun á fjárkláða.

Baðlyfjarænnsóknin hefir nú farið fram og hefir verið búið til nokkuð af baðlyfi samkvæmt henni hjá sápuverksmiðjunni »Hrein« í Reykjavík undir eftirliti dýralæknis og efnarannsóknarstofu ríkisins, og hefir baðlyf þetta reynst mjög vel. Mun það stórum tryggilegra, að baðlyfin sjeu þannig búin til í landinu undir opinbern eftirliti en að löggilt sjen eins og að undanförrn ýms erlend baðlyf, sem svo reynast misjafnlega vel.

Með því að innlend baðlyfjagerð hefir óhjákvæmilega í för með sjer breytingu á lögum nr. 58, 30. nóvember 1914, um sauðfjárbaðanir, hefir það þótt hentast, að þessi lög verði gefin út sem lög um breytingu á þeim lögum.

Eins og á stendnr hefir ekki þótt tiltækilegt að ráðast í útrýmingarböðun fjárkláða nje ástæða til að setja ný lög um það efni.